

36. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 356, 3. júlí 1989 fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Katrín Jóhannsdóttir.***GJALDSKRÁ****Hitaveitu Þorlákshafnar.**

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september – 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Þeir sem tengdir eru hitaveitunni greiði til hennar þannig í samræmi við útgefna reikninga. Allir notendur greiði samkvæmt lið a) og síðan eftir einhverjum hinna, b), c), eða d), eftir ákvörðun hitaveitunnar hverju sinni:

a) Fast gjald eftir stærð mælis eða hemils:

1.1. 15 – 20 mm	9.500 kr/ári.
1.2. 25 – 50 mm	20.000 kr/ári.
1.3. 65 mm og stærri	40.000 kr/ári.

- b) Varmaorka samkvæmt vatnsmæli: 60,37 kr/m³
 c) Samkvæmt magnhemli fyrir hvern mínútuþítra á mánuði: 989,30 kr.

Í sérstökum tilfellum, þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og selt heitt vatn samkvæmt lið d).

- d) Varmaorka til annars en húshitunar samkvæmt vatnsmæli: 34,30 kr/m³

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota, en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimædagjöld ákveðast eftir stærð heimæðar í samræmi við áætlun hitaveitunnar. Heimædagjöld eru miðuð við þáttöku húseigenda í stofnkostnaði veitukerfis og eru ákveðin þannig:

Málstærð heimæðar	Stofnverð
20 mm	70.000
25 mm	120.000
32 mm	220.000
40 mm	320.000
50 mm	520.000
65 mm	1.200.000
80 mm	1.800.000

Tengigrind (uppsettur mælir) 12.000

Í þéttbýli skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir varðandi gjaldtöku, þó svo grennri heimæð sé lögð:

Lóðarstærð:	Viðmiðunarstærð heimæðar:
0-1500 m ²	20 mm
1501-2000 m ²	25 mm
2001-2500 m ²	32 mm
2501-3300 m ²	40 mm
3301-6000 m ²	50 mm
6001 m ² og stærri	65 mm

Heimæðargjald er gjaldkræft þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimilt er að hækka stofnverð ef kostnaður við lagningu heimæðar verður meiri en 50% umfram verðskrá.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 520 2. október 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.